

## Stofnfundur fjarskiptahóps Ský 23. mars 2007

### Sal Orkuveitunnar Bíldshöfða klukkan 15:00-16:30

Sæmundar E. Þorsteinsson hélt opunarávarp þar sem hann var beðinn af stjórn Ský að taka sæti í fjarskiptaráði sem fulltrúi félagsins. Fjarskiptaráð er til ráðgjafar samgönguráðherra. Í kjölfarið var hann beðinn að leiða stofnun á fjarskiptahóp innan Ský. Það er liðinn nokkur tími frá þessari ákvörðun en núna er stundin runnin upp. Hann bauð sig fram sem fundarstjóra og stakk uppá að Einar H.Reynis yrði ritari fundar. Hvort tveggja var samþykkt.

Fyrirliggjandi drög að samþykktum væru að mestu afritun af samþykktum Öldungadeildarinnar sem er faghópur innan Ský en með nokkrum breytingum. Farið yrði yfir drögin seinna á fundinum og svo yrði kosið í stjórn fjarskiptahóps. Fyrst yrðu haldin þrjú erindi um 3G, þriðju kynslóð farsíma.

#### Jóakim Reynisson, Nova:

Jóakim greindi í byrjun frá Nova og samstarfi þeirra við Huawei í Kína. Hann greindi einnig frá starfsemi Novator sem núna hefur reynslu víða að. Sótt hefði verið um tilraunaleyfi en núna væri tiltekin óvissa að baki og farið af stað. Markmiðið er 88% útbreiðsla árið 2011. Jóakim lýsti 3G sem stóru stökki frá GSM. Notað er það sem kallast HSDPA, eða High Speed Downlink Packet Access, sem er mikið bætt tækni frá fyrri útfærslu 3G mtt. hraða í gagnaflutningi. Margmiðlun væri á svipuðum hraða og í ADSL. Einnig væri möguleiki á „form factor“ breytingu ss að tölvur geti tekið SIM-kort og nýtt hraðann, ekki bara á litlum afmörkuðum stöðum eins og væri í sk. „hot spot“.

#### Hjálmar Gíslason, Símanum:

Hann rakti í stuttu máli þróunina í farsímum hér á landi frá 002 til 3G. Núna er gagnaflutningshraðinn aðalmálið en afköst geta verið 14,4 Mbit/sek. þar sem hraði til notanda gæti verið allt að 2 Mb/sek. Sjónvarp yrði mögulegt og almennt meiri hraði á öllu. Hann sagði að 3G væri bara áfangi á leiðinni og benti á útbreiðslu í heiminum þar sem 3G er víða komið. Markaðurinn á Íslandi er áskorun og ólíkur öðrum. Hann er lítill en margir að ríða á vaðið. Hann kom inn á myndsímtöl sem væru ekki mikið notuð fyrir samtöl augliti til auglitis heldur fremur til að sýna umhverfi. Áherslur einstaklinga og fyrirtækja ólíkar en fyrirtæki munu sjá stórbættan hraða og bætt aðgengi að bandbreidd afar víða.

#### Kjartan Briem, Vodafone:

Hann kom nokkuð inn á tölfræði utan úr heimi og rakti hvernig EDGE í núverandi GSM getur sem dæmi uppfyllt þörfina fyrir burð undir sjónvarp. Þróunin ætti eftir að verða mikil því tæknin er rétt að byrja. Eins og hinir á undan undirstrikaði Kjartan mikilvægi að nota HSDPA en mikið ætti eftir að gerast á næstu árum. Vöxtur á notendafjölda er brattari en var á sambærulegu stigi í GSM. 3G hefur samt ekki mikla markaðshlutdeild. Kjartan lagði út frá framboði á endabúnaði, sem væri heldur slappur og einsleitur. Núna eru til um 500 gerðir af endabúnaði en Kjartan vildi sjá meira af sérhæfðum endabúnaði fyrir 3G en bara tæki sem að stofni til væru eins og hverjir aðrir farsímar. Hann tók til ýmis dæmi. Þá væri líka málið að 3G væri stillt upp sem öruggri og fjölhæfri þjónustu en ekki bara sem pípa fyrir meiri gagnaflutningshraða. Dæmi væri að tefla fram sjónvarpi og sérhæfðum leikjatölvum. Hann varpaði upp á tjald fyrirsögn þar sem vísað væri í að WiMAX væri keppinautur og að væntingar yrðu að vera hóflegar.

Síðan var opnað fyrir spurningar úr sal til fyrirlesara.

### **Stofnun faghóps:**

Drög að samþykktum voru lesin upp og nokkrar umræður urðu um einstakar greinar og hvernig vinnu faghópsins yrði háttað. Rætt var um hvernig taka ætti fyrir efni sem síðan yrði fundað um í fagraðinu. Stungið var upp á að setja saman sérstakan póstlista fyrir félaga í faghópnum til að geta kallað á fund. Rætt var breytingu á orðalagi 2 gr. varðandi íslensku. Að endingu var ákveðið að bæta inn eftirfarandi samþykkt:

Samþykktum má eingöngu breyta á félagsfundi og skulu breytingartillögur hafa borist stjórnar með viku fyrirvara.

### **Kosning stjórnar:**

Fyrst var formaður tilnefndur. Sæmundur E. Þorsteinsson var tilnefndur og samþykkt með lófataki.

Stjórn:

Eftirfarandi aðilar buðu sig fram til að sitja í fjögurra manna stjórn faghópsins:

Einar H.Reynis, Ólafur Aðalsteinsson, Kjartan Briem, Eggert Ólafsson, Jón Ingi Einarsson, Ari Jóhannsson, Harald Pétursson og Anna Björk Bjarnadóttir.

Kosning var leynileg en úrslit urðu þessi í fjögur efstu sæti:

Anna Björk Bjarnadóttir frá Símanum, Harald Pétursson frá Nova, Einar H. Reynis frá Símanum og Kjartan Briem frá Vodafone.

Fundi slitið.